

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarvatns – höfða.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarvatns – höfða þar sem afmörkuð var lóð umhverfis skátaskála St. Georgsgildis skáta við sunnanvert Hvaleyrarvatn og byggingarreitur skilgreindur.

Einnig eru skilgreind mörk ræktunarsvæðis undir skógrækt í Seldal þar sem heildarstærð lóðar verður 116,6 ha.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. apríl 2020.

Berglind Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2020